

REGLUGERÐ

um daggjöld fyrir dvalarrými, dagdvalarrými og hjúkrunarrými sem ekki eru á föstum fjárlögum árið 2015.

1. gr.

Daggjöld fyrir dvalarrými og dagdvalarrými.

Daggjöldum vegna dvalarrýma fyrir aldraða og vegna dagdvalar aldraðra er ætlað að mæta eðlilegum rekstrarkostnaði án viðhalds húsnæðis og skulu vera sem hér segir frá 1. janúar 2015:

1.	Daggjald á dvalarrými fyrir aldraða	11.668 kr.
2.	Gjald á dagdvöl fyrir aldraða	6.091 kr.

Nauðsynlegur flutningskostnaður heimilismanna er innifalinn í dagdvalargjaldi. Þeir sem njóta þjónustu dagdvalar skulu greiða 1.020 kr. á dag, sbr. 19. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

Daggjald til dvalarheimilis fyrir aldraða er greitt frá upphafi dvalar og til loka þess mánaðar sem heimilismaður er tekinn inn á heimilið. Dvalargjald þetta skal ekki hafa áhrif á bætur Tryggingastofnunar ríkisins til heimilismannsins, greiðslu Tryggingastofnunar á dvalarframlagi til dvalarheimilisins og þátttöku heimilismanns í greiðslu dvalarkostnaðar, sbr. 21. og 22. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

2. gr.

Þjónusta í dvalar- og dagdvalarrýmum.

Innifalinn í daggjöldum skv. 1. gr. reglugerðar þessarar er hvers konar þjónusta sem heimilismönnum er látin í té á stofnunum, sbr. meðal annars reglugerð nr. 427/2013, um greiðslur öldrunarstofnana fyrir heilbrigðisþjónustu.

3. gr.

Daggjöld fyrir hjúkrunarrými og daggjöld fyrir sérhæfða dvöl.

A. Hjúkrunarrými.

Daggjald fyrir hjúkrunarrými skal vera jafnhátt daggjaldi fyrir dvalarrými skv. 1. gr. Daggjöldunum er ætlað að mæta eðlilegum rekstrarkostnaði án húsnæðisgjalds. Auk daggjalds skv. 1. gr. skal greitt fyrir heilbrigðisþjónustu í hjúkrunarrýmum sem samið er um skv. 24. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar eða samkvæmt gjaldskrá Sjúkratrygginga Íslands.

Daggjald í hjúkrunarrými skv. 1. mgr. skal vera frá 1. janúar 2015: 11.668 kr.

Daggjald skal greitt þrátt fyrir að heimilismaður hverfi af stofnun í stuttan tíma, svo sem til aðstandenda yfir helgi eða hátíðar, enda hafi heilbrigðisfyrirvöld ekki aukakostnað af dvölinni.

Fari heimilismaður á sjúkrahús til skammtímainnlagnar skal greiða 70% af daggjaldi stofnunar í allt að 45 daga.

Við andlát heimilismanns eða þegar heimilismaður flytur fyrir fullt og allt af stofnun skal greiða fullt daggjald í allt að sjö daga. Ef heimilismaður í hvíldarrými andast skal greiða fullt daggjald í allt að tvo daga.

Daggjald skal greitt stofnun vegna sjúklinga með langvinna nýrnasjúkdóma þegar þeir vegna blóðskilunar eru innritaðir á sjúkrahús. Sjúkrahúsið greiðir kostnað vegna lyfjagjafar eins og fyrir aðra blóðskilunarsjúklinga sem skráðir eru inn á það. Greiða skal 1.688 kr. á dag til viðbótar daggjaldi stofnunar fyrir hvern sjúkling með langvinnan nýrnasjúkdóm sem dvelst á stofnun og þarf blóðskilun á sjúkrahúsi.

B. Sérhæfð dvöl.

Liður	Viðf.	Heiti stofnunar	Daggjald kr.
477	110	Árborg, dagdvöl aldraðra v/minnissjúkra	13.295
477	110	Dagdvöl aldraðra í Reykjanesbæ v/minnissjúkra	13.295
477	110	Dagdvöl í Eyjafjarðarsveit	13.295
474	110	Dagdvöl og endurhæfingarstöð MS-sjúklinga	12.150
477	110	Drafnarhús, Hafnarfirði	13.295
470	110	Dvalarheimili aldraðra heymarlausa	14.155
476	110	Fríðuhús, Reykjavík	13.295
410	115	Hjúkrunarheimilið Eir	13.295
412	171	Hjúkrunarheimilið Skógarbær, endurhæfingardeild	32.752
472	110	Hlíðarbær, Reykjavík	13.295
477	110	Hrafnista í Reykjavík, dagdvöl endurhæfing	16.609
477	110	Jaðar, Ólafsvík	13.295
477	110	Lagarás, Egilsstöðum v/minnissjúkra	13.295
473	110	Lindargata, Reykjavík	13.295
477	110	Mariuhús, Reykjavík	13.295
475	110	Múlabbær, Reykjavík	8.678
477	110	Roðasalur, Kópavogi	13.295
434	110	Öldrunarstofnun Akureyrar v/minnissjúkra	13.295

Nauðsynlegur flutningskostnaður heimilismanna er innifalinn í dagdvalargjaldi. Þeir sem njóta þjónustu dagdvalar skulu greiða 1.020 kr. á dag, sbr. 19. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

4. gr.

Húsnæðisgjald.

Tryggingastofnun ríkisins skal greiða húsnæðisgjald til að mæta kostnaði vegna fasteignagjalda, trygginga, viðhalds, eftirlits og umsýslu húsnæðis sem nýtt er til reksturs hjúkrunar- og dvalarrýma. Gjaldið árið 2015 er 10.677 kr. á m² á ári og reiknast að hámarki á 60 m² fyrir hvert hjúkrunarrými að meðtöldu sameiginlegu rými. Gjaldið reiknast aldrei á stærra rými en sem stærð húsnæðisins nemur.

Tryggingastofnun ríkisins skal greiða gjald til að mæta viðhaldskostnaði húsnæðis sem nýtt er til reksturs á dagdvalarrýmum. Gjaldið árið 2015 er 3.690 kr. á m² á ári og reiknast að hámarki á 30 m² fyrir hvert dagdvalarrými að meðtöldu sameiginlegu rými. Gjaldið reiknast aldrei á stærra rými en sem stærð húsnæðisins nemur.

Viðhaldshluta í húsnæðisgjaldi er ætlað að standa undir öllu almennu viðhaldi húsnæðis en ekki stofnkostnaði, afskriftum og meiriháttar breytingum og endurbótum á húsnæði.

5. gr.

Framkvæmd.

Sjúkratryggingar Íslands og Tryggingastofnun ríkisins annast framkvæmd reglugerðar þessarar.

6. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 2. mgr. 22. gr., 2. mgr. 24. gr., 55. gr. laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, með síðari breytingum, 6. og 10. mgr. 48. gr., sbr. 70. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum, sbr. 1. og 3. mgr. 21. gr., 1. mgr. 22. gr. og 29. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum, gildir frá 1. janúar 2015. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 99/2014 um daggjöld fyrir hjúkrunar-, dvalar og dagvistarrými sem ekki eru á föstum fjárlögum árið 2014.

Velferðarráðuneytinu, 19. desember 2014.

Kristján Þór Júlíusson
heilbrigðisráðherra.

Anna Lilja Gunnarsdóttir.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.